

DV

Miðvikudagur 17. maí



SJÓNVARPIÐ

- 16.30 **Fræðsluvarp** Fræðsluvarp 1. Árgnysins Fræðslumynd um lífnáðarhætti gnynsins. 2. Fararheill
- 17.25 **Sumarglugginn** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi. Umsjón Arny Jóhannsdóttir.
- 18.05 **Evrópukeppnin í knattspyrnu.** Bein útsending frá síðari viðureign Stuttgart og Napoli í Evrópukeppni félagsliða sem fram fer í Stuttgart. Umsjón Jón Óskar Sólmes.
- 20.10 **Fréttir og veður**
- 20.40 **Grænir fingur** Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar. Í þessum þætti er fjallað um steinhleðslur.
- 20.55 **Maður** er nefndur Gunnar Gunnarsson skáld Thor Vilhjálmsson ræðir við skáldið. Endursýning í tilefni þess að á morgun eru liðin 100 ár frá fæðingu Gunnars. Þátturinn var fyrst á dagskrá 31. mars 1970.
- 21.35 **Smáþjóðaleikarnir á Kípur** Upptaka frá keppninni fyrr um daginn.
- 21.50 **Leiðin heim** (The Road Home) Bresk/pólsk bíómynd frá 1987. Leikstjóri Jerzy Kaszubowski. Aðalhlutverk Rafal Synowka, Boguslaw Linda og Jerzy Binczycy. Myndin gerist í lok síðari heimstyrjaldar- innar og fjallar um ungan dreng sem er á heimleið eftir að hafa verið í haldi hjá Þjóðverjum.
- 23.00 **Ellefufréttir**
- 23.10 **Leiðin heim** framhald. 23.40 **Dagskrárlok.**



STÖÐ 2

- 16.45 **Santa Barbara.**
- 17.30 **Fangelsisrottan.** The River Rat. Líftíðarfangi er látinn laus eftir 13 ára fangelsisvist. Hann snýr heim til móður sinnar og dóttur ákveðinn í að hefja nýtt líf. Þau feðgin hyggjast nú sækja féð er hann kom undan á sínum tíma. Aðalhlutverk: Tommy Lee Jones, Brian Dennehy og Martha Plimpton.
- 19.00 **Myndrof**
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innskotum.
- 20.00 **Sögur úr Andabæ.** Ducktales.
- 20.30 **Falcon Crest.** Þessir vinsælu framhaldspættir eru nú í fyrsta sinn sýndir í íslensku sjónvarpi. Þættirnir hafa átt miklum vinsældum að fagna á myndbandaleigum hérlendis og verður þráðurinn tekin upp þar sem myndbandaleigurnar sögðu skilið við hann.
- 21.20 **Spenna í loftinu.** Thin Air. Lokapáttur.
- 22.15 **Viðskipti.** Íslenskur þáttur um viðskipti og efnahagsmál í umsjón Sighvats Blöndahl og Ólafs H. Jónssonar.
- 22.40 **Hrolltröð.** Frightmares. Úr smíðju snillingsins Johns Hurt. Aðalhlutverk: John Hurt, Ron Berglas, Edward Hardwicke, Leslie Rooney og Kevin Parker.
- 23.05 **Í leit að sjálfstæði.** Independence Day. Ung stúlka í smábæ í New Mexico sækir um skólavist í Los Angeles. Á meðan hún bíður eftir svari kynnist hún stóru ástinni í lífi sínu. Aðalhlutverk: Cliff De Young, Dianne Wiest, David Keith, Frances Sterhagen og Cathleen Quinlan.
- 0.50 **Dagskrárlok.**



Rás 1 FM 92,4/93,5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Ingólfur Guðmundsson flytur.

- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsárið með Ingvaldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn:** „Á Skipalóni“ eftir Jón Sveinsson. Fjarar Sigurðarson les þriðja lestur. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
- 9.30 **Íslenskur matur.** Kynntar gamlar íslenskar mataruppskriftir sem safnað er í samvinnu við hlustendur og samstarfsnefnd um þessa söfnun. Sigurín Björnsdóttir sér um þáttinn.
- 9.40 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Óskastundin.** Helga P. Stephensen kynnir efni sem hlustendur hafa óskað eftir að heyra, bókarkafla, smásögur og ljóð. Tekið er við óskum hlustenda á miðvikudögum milli kl. 17.00 og 18.00.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 11.53 **Dagskrá.**
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 13.05 **Í dagsins önn** – Að taka próf. Umsjón: Sigríður Guðnadóttir. (Frá Akureyri)
- 13.35 **Miðeiggissagan:** „Brotið úr tófraspelginum“ eftir Sigríður Undset. Arnheiður Sigurðardóttir þýddi. Þórunn Magnea Magnúsdóttir les (15.)
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Norrænir tónar.**
- 14.30 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Kór Langholtskirkju, Viktoria Spans, Einar Markan og Karlaórf Reykjavíkur syngja íslensk lög. (Af hljómpiótum)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **„Ey sú liggir á Skagafirði“.** Fylgst með vorkomu í Drangey ásamt Hauki Jónssyni. Umsjón: Jón Gauti Jónsson. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.) (Frá Akureyri)
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðdegi.**
- 17.08 **Fréttir.**
- 18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.**
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Þorgeir Ólafsson.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** „Á Skipalóni“ eftir Jón Sveinsson. Fjarar Sigurðarson les þriðja lestur. (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Tónskáldin ungu.** Kynnt verk eftir Bárú Grímsdóttur, Hilmar Þórðarson og Rikharð H. Friðriksson. Umsjón: Sigurður Einarsson.
- 21.00 **Lifið að baki bókstafum.** Ævar R. Kvaran les úr verkum Einarssonar myndhöggvára.
- 21.30 **Nýjungar í skólalærni.** Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson. (Endurtekinn þáttur frá sl. föstudegi úr þáttaröðinni „Í dagsins önn“.)
- 22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvölddagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.30 **„Vísindin efla alla dáð“.** Umsjón: Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03.)
- 23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Arnason.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 1.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

RÁS FM 90,1

- 1.10 **Vökulögin.**
- 7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni liðandi stundar. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.

- 9.03 **Stúlkan sem bræðir ishjórtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunskyra Evu Ásrúnar Albertsdóttur. – Afmæliskefjur kl. 10.30.
- 11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.15 **Heimslöðin.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
- 14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkk og leikur ný og fin lög. – Útkíkk- ið upp úr kl. 14 og kynntur sjó- maður vikunnar.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson, Sigríður Einarsson og Guðrún Gunnarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendabjónustan kl. 16.45. – Bréf af landsbyggðinni berst hlustendum eftir kl. 17. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
- 18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 91 38500.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Íþróttarásin.** Umsjón: Íþróttarétamenn og Georg Magnússon.
- 22.07 **Á rólinu** með Önnu Björk Birgisdóttur.
- 1.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- 8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
- 18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

FM 98,9 BYLGJAN

- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu göðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. 19.00 - **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalog.
- 24.00 **Næturdagskrá.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

FM 102,2 & 104

- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
- 10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmslegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalogum hlustenda til skila.
- 14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalog í bland við ýmsan fróðleik.
- 18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárlíður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalog.

- 24.00 **Næturstjórnur.** Fréttir á Stjórnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 9.00 **Rótarátónar.**
- 11.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur. E.
- 13.30 **Ópió hús hjá Bahá'ium.** E.
- 14.30 **Á manneglu nóttunum.** Flokkur mannsins. E.
- 15.30 **Laust.**
- 16.00 **Samband sérskóla E.**
- 16.30 **Frá verkfallsvakt BHM.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
- 17.00 **Magnamín.** Agúst Guðmundsson leikur nýja og gamla tónlist og lítur á vinsældalista.
- 18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstri- sósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 19.00 **Ópió.**
- 19.30 **Heima og að heiman.** Alþjóð- leg ungmennskípti.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Hulda og Margrét.
- 21.00 **Barnatími.**
- 21.30 **Laust.**
- 22.00 **Við og umhverfið.** Þáttur í um- sjá dagskrárhóps um umhverf- ismál á Utvarp Rót.
- 22.30 **Alþjóðubandalagið.**
- 23.00 **Samtök græningja.** E.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**

FM 104,8

- 12.00 **FB.**
- 14.00 **FG.**
- 16.00 **MR.**
- 18.00 **MS.**
- 20.00 **IR.**
- 22.00 **FB.**
- 24.00 **MR.**
- 02.00 **Dagskrárlok.**

FM 102,9


- 17.00 **Blessandi bóðskapur í marg- vislegum tónum.**
- 20.00 **Vinsældavalið Alfa.** Stjórnandi: Jóhanna Benný Hannesdóttir. (Endurtekið næstkomandi laugardag.)
- 22.00 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlist- arþáttur með plötu þáttarins og orði þáttarins. Orð og bæn kl. 23.30. Umsjón: Agúst Magnússon.
- 24.00 **Dagskrárlok.**

SKY CHANNEL

- 4.30 **Viðskiptaþáttur.**
- 5.00 **The DJ Kat show.** Barnaþáttur.
- 7.30 **Panel Pot Pouri.** Spurninga- þáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldspáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttapáttur.
- 10.30 **A Proplem Shared.** Fræðslu- þáttur.
- 11.00 **Another World.** Sápúopera.
- 12.00 **General Hospital.** Sakamála- þáttur.
- 13.00 **As the Worlds Turns.** Sápúop- era.
- 14.00 **Loving.**
- 14.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
- 15.00 **Poppþáttur.**
- 16.00 **The Young Doctors.**
- 16.30 **Three's Is a Company.** Gam- anþáttur.
- 17.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþátt- ur.
- 18.00 **Sale Of The Century.**
- 18.30 **Hey Dad.**
- 19.00 **Mr. Belvedere.**
- 19.30 **Framhaldspáttur.**
- 20.30 **Against The Wind.**
- 21.30 **Jameson Tonight.**
- 22.30 **Matt Helm.**

EUROSPORT

- 16.00 **Íþróttakynning Eurosport.**
- 17.00 **Mazda's Eye On Sport.** Fréttir og fleira.
- 18.00 **Tennis.** Italian Men's Open í Róm.
- 20.00 **Knattspyrna.** Seinni úrslitaleik- ur Stuttgart og Napoli.
- 22.00 **Judo.** Valin atriði frá Evrópu- meistaramótinu í Helsingi.
- 23.30 **Íþróttakynning Eurosport.**



Leiðin heim er löng frá Þýskalandi til Póllands.

## Sjónvarp kl. 21.50: Vegurinn heim

Myndin Vegurinn heim (The Road Home) er gerð í bresk/pólskri samvinnu. Gerist hún í seinni heimsstyrjöldinni og fjallar um þegar þúsund bláeygðra barna frá Mið- og Austur-Evrópu voru tekin heiman að frá sér og flutt til Þýskalands og sett í fóstur til þýskra fjölskyldna. Þessi áætlun var vel skipulögð af nasistum og var tilgangurinn að fjölga fólki af ariskum uppruna. Aðalpersónan er einn slíkur drengur, Jerzy, sem tekinn var frá fjölskyldu sinni í Póllandi en í stríðslok tekst honum að sleppa og komast aftur á heimaslóðir. Leikarar í Vegurinn heim eru allir pólskir og einnig leikstjórinn, Jerzy Kaszubowski.

-HK

Stöð 2 kl. 23.05:

## Í leit að sjálfstæði

Í leit að sjálfstæði (Independence day) er að mörgu leyti merkileg kvikmynd. Hún er fyrst og fremst langt fyrir ofan meðalleg kvikmyndaframleiðslu í Hollywood og þegar henni loks var dreift í kvikmyndahús fékk hún mjög jákvæða dóma gagnrýnenda en dreifingaradillinn sem að þessu sinni var Warner gerði lítið til að koma henni á framfæri og tók hana fljótt af dagskrá. Áður höfðu þeir legið með hana í tvö ár án þess að dreifa henni. Til marks um hversu góð gagnrýndur töldu myndina má vitna í dóm í Films and Filming frá 1984 þar sem segir að Independence Day sé besta dramatiska verk sem komið hafi frá Bandaríkjunum síðastliðin tvö ár og sé Terms Of Endearment eins og byrjendaverk við hliðina á henni. Myndin fjallar um rómantískt samband milli vélvirkja og þjónustustúlku og áhrif sambands þeirra á fjölskyldu þess fyrrnefnda. Þá spilar einnig inn í söguþráðinn þeirra eigin metnaður í lífinu. Það er sérstaklega leikstjórinn Robert Mandel sem hefur verið mikið hrósað fyrir að hafa getað tekið á við drama- tískt efni sem býður upp á mikil tilfinningaátök án þess að melódraman ná yfirhöndinni. Aðalleikarar eru David Keith og Kathleen Quinlan er leika elskendurna ásamt Frances Sternhagen, Cliff de Young og Dianne Wiest.

-HK

Stöð 2 kl. 20.00:

## Sögur úr Andabæ

Stöð tvö hefur í sumar- dagskránni gert þær breyt- ingar að í stað þess að 19:19 sé klukkutíma þáttur þá endar hann um áttaleytið og við taka teiknimynda- þættir. Á mánudögum og miðvikudögum eru sýndar teiknimyndir úr smíðju Walt Disneys og þar er að sjálfsögðu fyrirferðarmestir þeir félagar Mikki mús og Andrés önd.

Það er ekki ofsögnum sagt að teiknimyndafígúrir Walt Disney séu þær allra vinsælustu í heiminum og þekktar hjá öllum, þótt fyrst og fremst séu það krakkar sem njóta þeirra.

Fullorönnir hafa einnig gaman af að fylgjast með ævintýrum í Disneylandi. Flestir hafa einhvern tíma horft á Disney mynd og hafa



Það er oft fjör í Andabæ.

haft sína uppáhaldsfigúru. Nýlega varð Mikki mús fimmtugur en hann er elsta teiknimyndapersóna Walt Disneys.

-HK